



Malbiksrannsóknir 2014

Áfangaskýrsla VII



Pétur Pétursson
apríl 2015

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður malbiksprófana ársins 2014, svo og samanburður gerður við fyrri rannsóknir þegar það á við. Verkefnið snýst í grófum dráttum um rannsóknir á stífni, skriði, slit og vatnsnæmi malbiks, svo og áhrifum hitalækkandi efna á eiginleika malbiks. Segja má að verkefnið hafi verið tvískipt;

- 1) Frekari rannsóknir á notkun hitalækkandi efna í íslenskt malbik. Verkbátturinn, sem var unninn á vormisseri 2014, fólst í því að útbúa sýni (Marshall kjarna) með og án hitalækkandi efna. Framkvæmdar voru prófanir á malbiki með mismunandi hitalækkandi efnum (Sasobit, Leadcap og SonneWarmix auk samanburðarmalbiks á íblöndunarefna). MSc neminn Katrín Þ. Pálsdóttir (KPP) við Háskóla Íslands vann þennan áfanga verkefnisins og hefur gefið út ýtarlega skýrslu um niðurstöður sínar. Verkbátturinn var unnin í samstarfi við Malbikunarstöðina Höfða og VTI í Svíþjóð varðandi sýnagerð og prófanir, en einnig voru aðkeyptar prófanir frá NMÍ. Helstu prófanir voru stífnipróf (með og án vatnsáreitis), hjólfarapróf, slitpolspróf og vatnsnæmipróf. Auk þess fengust niðurstöður nokkurra hliðarprófana sem fylgja sýnagerð með Marshall aðferð, sem sagt mælingar á rúmþyngd, holrýmd, kornakúrfum og bindiefnisinnihaldi.

Þar sem þessi verkþáttur var að hluta til styrktur af þessu verkefni, sem sagt hjólfaraprófanir á NMÍ og útlagður kostnaður vegna prófana hjá VTI í Svíþjóð eru í þessari skýrslu birtar helstu niðurstöður MSc verkefnis KPP. Um er að ræða áhugaverðar niðurstöður og gott innslag í rannsóknir á íslensku malbiki sem fram hafa farið á undanförunum árum. Höfundur þessarar skýrslu leyfir sér að túlka niðurstöður prófana eftir sínu höfði og ber niðurstöður saman við fyrri rannsóknir ef því er að skipta. Þó ber að ítreka að verkefnið var unnið af Katrínu undir leiðsögn Sigurðar Erlingssonar hjá HÍ, þótt skýrsluhöfundur þessarar skýrslu hafi verið með í ráðum.

- 2) Þessi verkþáttur fólst í því að bæta við gagnasafn um skriðeiginleika íslensks malbiks. Áhersla var lögð á að ná betri og ódýrari sýnum úr götu en áður hafði verið gert héraendis, sem sagt malbikskjörnum sem eru 30 cm í þvermál. Slík sýnataka veldur minna raski en að saga plötur úr malbikinu og auk þess umfangsminni viðgerðum. Bornar voru saman niðurstöður hjólfaraprófa á söguðum plötusýnum og boruðum kjörnum úr völdum götum og auk þess borið saman við próf á sýnum sem þjöppuð höfðu verið á rannsóknastofu. Einnig var tekið eitt sýni (tvö hlutasýni) úr nýju malbiki á Bústaðavegi.

Contents

INNGANGUR.....	1
1 FYRRI ÁFANGAR.....	4
2 PRÓFUNARAÐFERÐIR.....	6
2.1 Hjólfarapróf.....	6
2.2 Prall slitþolspróf.....	7
2.3 Vatnsnæmipróf.....	8
2.4 Stífnipróf.....	9
3 PRÓFANIR OG NIÐURSTÖÐUR ÚR VERKÞÆTTI 1.....	11
3.1 Gerð sýna.....	11
3.1.1 Steinefni, kornakúrfa.....	11
3.1.2 Bindiefni og íblöndunarefni.....	12
3.2 Hjólfarapróf.....	13
3.3 Stífnipróf.....	15
3.4 Prall slitþolspróf.....	17
3.5 Vatnsnæmi - kleyfnitogþol.....	19
3.6 Samantekt.....	21
4 KJARNATAKA ÚR VEGI OG HJÓLFARAPRÓF.....	22
4.1 Undirbúningur.....	22
4.2 Sýnataka – borun.....	23
4.3 Hjólfaraprófanir – niðurstöður.....	27
4.4 Samantekt á norskum gögnum.....	31
5 ÁLYKTANIR.....	33
Heimildir, staðlar og ítarefni:.....	35
VIÐAUKI I Niðurstöður hjólfaraprófana.....	37

1 FYRRI ÁFANGAR

Á undanförunum árum hafa komið út skýrslur um rannsóknir á íslensku malbiki sem framkvæmdar voru með tækjabúnaði sem komið var upp á Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) og uppfyllir Evrópustaðla. Fyrsta skýrslan í þessum flokki hét *Mat á eiginleikum malbiks fyrir íslenskar aðstæður* og kom út árið 2009. Í þessum fyrsta áfanga voru meðal annars gerðar mælingar á skriðeiginleikum sýna í hjólfaraprófi af SL malbiki (AC) sem tekin voru úr vegi með sögun, svo og samanburður á þeim sýnum og sams konar sýnum sem þjöppuð voru á rannsóknastofu með „roller compactor“. Í öðrum áfanga verkefnisins, sem áfangaskýrsla II frá 2010 fjallar um, var aftur tekið sýni úr vegi, að þessu sinni SMA malbik auk þess sem haldið var áfram að prófa hefðbundnar íslenskar malbiksgerðir. Á þessum tíma hafði Prall- slitþolstækið verið sett upp og voru sýni því bæði prófuð með tilliti til skrið- og sliteiginleika. Þriðja áfangaskýrslan í sama flokki kom út árið 2011 og má segja að í þeim áfanga hafi verið framhald á prófunum á hefðbundnum malbiksblöndum með tilliti til skrið- og sliteiginleika, aðallega á aðsendum sýnum, þjöppuðum á rannsóknastofu. Í mars 2012 kom svo út fjórða áfangaskýrsla þessa verkefnis, en í þeim áfanga var áhersla lögð á prófanir á áhrifum fínefnahluta og fínefnagerðar í malbiki á skriðeiginleika þess. Í fimmtu áfangaskýrslunni sem kom út í mars 2013 er fjallað um áhrif fínefnainnihalds og bikmagns á skriðeiginleika malbiks. Einnig er þar borin saman hönnuð holrýmd með Marshall aðferð og mæld holrýmd í sýnum sem prófuð höfðu verið með hjólfaraprófi. Þá er fjallað um slit- og skriðeiginleika malbiks sem tekið var út tilraunaköflum á Bústaðavegi í áfangaskýslu V og einnig könnuð áhrif frost/þíðu í saltlausn á slitþol malbikssýna. Áfangaskýrsla VI kom út í febrúar 2014, en þar er fjallað sérstaklega um mun á niðurstöðum hjólfaraprófana eftir því hvort sýni eru þjöppuð á rannsóknastofu eða söguð plötusýni úr götu. Þá eru teknar saman allar prófanir sem gerðar höfðu verið í hjólfarataekinu, holrýmdarmælingar tengdum þeim, fínefna- og bikinnihald, svo og niðurstöður allra Prall slitþolsprófa.

Auk þessara skýrslna um rannsóknir á íslensku malbiki kom út skýrsla um áhrif fjölliðubreyttra bikbindiefna á skrið- og sliteiginleika malbiks árið 2010 og var hún hluti af námsverkefni við Háskólann í Reykjavík (Ásgeir Rúnar Harðarson 2010). Þá kom út skýrsla um niðurstöður verkefnis sem fjallaði um áhrif bikgerðar (mælt með stungudýptarmælingu) á slit- og skriðeiginleika malbiks í mars 2011. Fleiri verkefni tengjast rannsóknnum á malbiki með nýjum prófunaraðferðum á síðustu árum, m.a. hefur Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas lagt út tilraunakafla og hafa sýni úr götu og gerð á rannsóknastofu verið prófuð m.a. með hjólfarataeki og Prall-slitþolstæki og gefnar út skýrslur. Þá hafa gögn fengist úr rannsóknaverkefnum sem tengjast endurvinnslu malbiks.

Verkefnið í heild sinni snýr að áframhaldandi rannsóknum á íslensku malbiki í víðum skilningi. Með tilkomu nýrra evrópskra prófunarstaðla og tækjabúnaðar á NMÍ er unnt að mæla ýmsa eiginleika þeirra malbiksblanda sem nú eru í notkun hérlendis með tilliti til hinna nýju staðla. Einnig er unnt að hanna, þjappa og prófa nýjar blöndur malbiks, svo sem malbiks sem blandað er með fjölliðum (SBS) eða hitalækkandi efnum (Sasobit vaxi og Evotherm), en niðurstöður benda

til þess að fjölliður og vax geti bætt skrið- og sliteiginleika malbiks verulega (Ásgeir Rúnar Harðarson 2010, Arnþór Óli Arason & Pétur Pétursson 2011 og Pétur Pétursson 2013).

Helsti styrktaraðili verkefnisins Malbiksraunsoeknir 2014 er Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar, en auk þess hefur Reykjavíkurborg styrkt verkefnið. Þá hefur malbikunarstöðin Höfði tekið á sig kostnað vegna sýnagerða og prófana vegna MSc verkefnis KPP.

Í verkefnishópi sátu Arnþór Óli Arason og Hafsteinn Hilmarsson hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Gunnar Bjarnason hjá Vegagerðinni, Halldór Torfason hjá Malbikunarstöðinni Höfða, Sigþór Sigurðsson hjá Malbikunarstöðinni Hlaðbæ-Colas, Theodór Guðfinnsson hjá Reykjavíkurborg og Pétur Pétursson verkefnisstjóri. Auk þess Katrín Þ. Pálsdóttir og Sigurður Erlingsson hjá HÍ vegna meistaraverkefnis KPP sem fjallað er um í þessari skýrslu.

2 PRÓFUNARAÐFERÐIR

Í þessum kafla eru settar fram lýsingar á þeim prófunaraðferðum sem fjallað er um í skýrslunni. Sumar af þessum lýsingum á aðferðum hafa birst í fyrri áfangaskýrslum þessa verkefnis, en aðrar eru byggðar á lýsingum í MSc ritgerð KPP (Katrín Þuríður Pálsdóttir 2014).

2.1 Hjólfarapróf

Skriðpróf í hjólfarataeki, eða hjólfarapróf, eru hér gerð samkvæmt staðli ÍST EN 12697-22 Bituminous mixtures - Test methods for hot mix asphalt – Part 22: Wheel tracking, nánar tiltekið með litlu tæki (aðferð B) í lofti, en slíkt tæki er til staðar á NMÍ. Prófsýni geta verið hvort heldur tekin úr götu eða þjöppuð á rannsóknastofu. Tæki til þjöppunar á heitum malbikssýnum sem passa í hjólfarataekið er einnig til staðar á NMÍ og er það í samræmi við staðal ÍST EN 12697-33 Bituminous mixtures - Test methods for hot mix asphalt – Part 33: Specimen prepared by roller compactor. Þegar malbik er þjappað í þjöppunni er það hitað upp að því hitastigi sem hæfir bikgerðinni, vigtað og sett í mót, gjarnan 300 x 400 mm á kant. Þegar magn er ákvarðað er tekið mið af rúmþyngd malbiksins þannig að það nái ákveðinni þykkt, að teknu tilliti til holrýmdar að þjöppun lokinni. Þjöppunin felst í því að ávalur stálfótur leggst á sýnið og hnoðar það fram og aftur til að líkja eftir stáltromlu valta, sjá mynd 1 b). Farið er yfir sýnið alls tíu sinnum með 10 kN álagi á stálfótinn og tekur þjöppun hverrar plötu u.þ.b. 2 mínútur.

Hjólfaraprófið er gert í lokuðum, hitastýrðum skáp, sjá mynd 1 a). Malbiksplötu er komið fyrir í skápnum og hún látin standa í a.m.k. 4 klst. til að ná prófunarhitastiginu. Í prófinu er gúmmíhjól, sem er 200 mm í þvermál og 50 mm breitt, ekið fram og aftur eftir sýninu, alls 10.000 umferðir með 700 N álagi. Hjólið ekur samtals 230 mm í hvora átt á sýninu með hraðanum 26,5 umferðir á mínútu. Mælir skráir reglulega hjólfaradýpt á hverjum tíma. Hafður er stuðningur við hliðar og enda plötunnar meðan á prófun stendur. Samkvæmt prófunarstaðli skal í hverju prófi mæla tvö hlutasýni og gefa upp meðaltal þeirra. Hjólfarapróf voru gerð við 45°C, en það er lægsti leyfilegi prófhiti samanber töflu D.1 í viðauka D í staðli um gerðarprófanir á malbiki, ÍST EN 13108-20 Bituminous mixtures - Material specifications - Part 20: TypeTesting. Niðurstöður prófsins eru einkum þrenns konar; heildarhjólfaradýpi í mm eftir 10.000 umferðir (Total Rut Depth, TRD), hjólfaradýpt sem hlutfall af sýnisþykkt (Proportional Rut Depth, PRD) og hjólfaramyndun á hverjar 1000 umferðir, síðustu 5.000 umferðirnar (Wheel Tracking Slope (WTS)).




Mynd 1 a) og b) Hjólfaratæki og malbikspjappa

2.2 Prall slitpolspróf

Prall slitpolsprófið er ætlað til þess að meta slitpól malbiks gagnvart nagladekkjaáraun. Aðferðin er samkvæmt Evrópustaðli ÍST EN 12697-16. Prófið er gert þannig að í litlum stálhólki er komið fyrir sneið af malbiki sem er um 10 cm í þvermál og 3 cm þykk ásamt 40 stálkúlum sem eru 1,15 cm í þvermál. Á hólkinn er sett lok sem leyfir vatnsstreymi yfir sýnið, 2 l/mín af 5 +/- 1°C vatni. Tækið hristir síðan hólkinn upp og niður, 950 sveiflur/mínútu í 15 mínútur og er slaglengdin 4,3 cm. Þyngdartap sýna er mælt og síðan reiknað yfir í ml. Í hverju prófi eru prófuð fjögur hlutasýni og er Prall gildið meðaltal þeirra.

Í sneiðum sem gerðar eru úr borkjörnum er álagið sett á vegyfirborðið en í þeim sem sagaðar eru úr sívalningum þjöppuðum á rannsóknastofu, er áraunin sett á sagarfarið. Prallgildi eru því ekki alveg sambærileg milli sýna teknum úr götu og sýna útbúnum á rannsóknastofu.

Mynd 2 sýnir Prall-slitpólstæki og gefur auk þess upplýsingar um einstaka þætti sem viðkoma tækjabúnaði og prófi.



Mynd 2 Prall slitþolstæki

2.3 Vatnsnæmiþróf

Mæling á vatnsnæmi malbikskjarna felst í því að bera saman kleyfnibrotþol (e: indirect tensile strength) ómeðhöndlaðra sýna og sýna sem hafa verið geymd í vatnsbaði við ákveðnar aðstæður og reikna út hlutfall brotstyrks þess sýnis sem var vatnsmeðhöndlað af brotstyrk ómeðhöndlaðs sýnis. Sýnin eru meðhöndluð á þann hátt sem lýst er í ÍST EN 12697-12, aðferð A og síðan brotin í pressu samkvæmt verklýsingu í ÍST EN 12697-23. Prófinu er ætlað að gefa upplýsingar um þol malbiks gegn áraun vatns og gefur vísbendingu um viðloðun í malbikinu milli steinefna og bikbindiefna, svo og samloðun malbiksmassans.

Samkvæmt staðli er hægt að velja um fjórar þjöppunaraðferðir á sýnum til notkunar í vatnsnæmiþróf og auk þess má velja misstór sýni að þvermáli. Hérlandis er notuð Marshall þjöppun og kjarnar sem eru 100 mm í þvermál ef um gerðarprófanir er að ræða (e: Type testing). Útbúnir eru sex malbikssívalningar, þar sem sett eru 35 högg á hvorn enda með Marshall hamrinum. Sívalningarnir eru mældir og vegnir og þeim síðan skipt í tvo hópa, 3 hlutasýni í hvorum. Annar hlutinn er geymdur þurr við 20°C þangað til rétt fyrir próf. Sívalningarnir sem á að prófa eftir meðhöndlun eru vatnsmettaðir við undirþrýsting í 30 mínútur og rúmmál þeirra mælt. Ef rúmmál prófhlutar hefur aukist um tvö prósent eða meira er honum hafnað. Sívalningarnir eru síðan hafðir í vatnsbaði vegna vatnsmettunar við 30°C í 68 til 72 klst. ef um er að ræða bik með stungudýpt yfir 160/220, en fyrir harðara bik er vatnshitinn 40°C. Síðustu tvo tímána fyrir próf eða lengur er hiti allra sívalninganna færður að 25°C prófunarhita. Mynd 3 sýnir malbikskjarna sem hefur verið brotinn í pressu.



Mynd 3 Brotinn kjarni í pressu


Reiknað er út styrkhluftall (e: Indirect Tensile Strength Ratio) votu sívalninganna og þeirra þurru skv. eftirfarandi jöfnu:

$$ITSR = 100 \times \frac{ITS_w}{ITS_d}$$

þar sem $ITSR$ er kleyfnitogþol í %, ITS_w er meðalbrotstyrkur vatnsmeðhöndlaðra sýna, kPa , og ITS_d er meðalbrotstyrkur ómeðhöndlaðra sýna, kPa .

2.4 Stífniþróf

Í staðli ÍST EN 12697-26: „Bituminous mixtures – Test methods for hot mix asphalt – Part 26: Stiffness“ er gefinn möguleiki á að mæla stífni með einum níu útfærslum. Í þessu verkefni var valin ein einfaldasta útfærslan, þ.e.a.s. svokölluð IT-CY aðferð (e: indirect tension to cylindrical specimens). Notast var við malbikskjarna, 10 cm í þvermál, sem útbúinn var með Marshall hamri og laminn 50 sinnum á hvorn enda. Stífniþrófin voru framkvæmd á VTI í Svíþjóð á sýnum sem útbúin voru hjá Malbikunarstöðinni Höfða. Mynd 4 sýnir dæmi um búnað til að mæla stífni með IT-CY aðferðinni.



Key

- | | | | |
|---|-------------------------|---|----------------------|
| 1 | Pneumatic load actuator | 6 | LVDT adjuster |
| 2 | Steel load frame | 7 | LVDT mounting frame |
| 3 | Load cell | 8 | Lower loading platen |
| 4 | Upper loading platen | 9 | LVDT alignment jig |
| 5 | Test specimen | | |

Mynd 4 Dæmi um uppstillingu IT-CY útfærslu á stífniþrófi úr staðli ÍST EN 12697-26

Í stuttu máli er malbikskjarninn lagður á hliðina ofan á málmstrimil sem er 12 mm í þvermál og lagaður þannig (e: concave) að kjarninn leggist ofan í hann (nr. 8 á mynd 4). Annar sams konar lagaður málmstrimill er settur ofan á kjarnann (nr. 4 á mynd 4) undir álgasselluna sjálfa (nr. 3 á mynd 4). Sett er sveifluálg á sýnið þar sem álagið varir í 0,1 s og sýnið hvílt undir 20 N grunnálagi í 2,9 s. Lárétt formbreyting sem verður á sýninu við álagið er mæld nákvæmlega með LVDT mæli (e: Linear Variable Differential Transformer). Samkvæmt viðauka C í prófunarstaðlinum má reikna með að Poissons hlutfallið sé 0,35 fyrir malbik og að því gefnu er stífistuðullinn reiknaður út með hliðsjón af því hlutfalli, láréttri færslu, krafti og þykkt sýnis. Ekki verður farið nánar út í fræðilega hluta prófsins, en bent er á að prófunarstaðallinn er ítarlegur hvað varðar mismunandi útfærslur á stífniþrófunum.

3 PRÓFANIR OG NIÐURSTÖÐUR ÚR VERKÞÆTTI 1

Eins og fyrr segir er þessi kafli unnin upp úr gögnum sem birt eru í meistararitgerð Katrínar Þ. Pálsdóttur (2014). Þó skal tekið fram að ekki eru birtar alveg allar niðurstöður hennar verkefnis, heldur það sem höfundi þessarar skýrslu þótt athygliverðast með tilliti til rannsókna á íslensku malbiki almennt. Verkefnið í heild sinni snéri að áhrifum íblöndunarefna á efniseiginleika íslensks malbiks, þar sem bornar voru saman malbiksgerðir sem voru að öllu leyti eins fyrir utan að ein gerðin var án íblöndunarefnis en þrjár gerðir með mismunandi íblöndunarefnum. Íblöndunarefnin voru af gerðunum Sasobit, LeadCap og SonneWarmix. Það sem fjallað er um hér á eftir er gerð sýna og niðurstöður prófana á stífni, skriði, slitþoli og vatnsnæmi. Það skal áréttað að KPP vann að því að útbúa sýnin og prófa þau síðar að öllu leyti utan þjöppunar á plötum í hjólfarapróf (með sérstökum stálfæti) og svo hjólfaraprófið sjálft sem framkvæmt var á NMÍ.

3.1 Gerð sýna

Sýnin voru sett saman og hrærð í lítilli hrærivél á rannsóknastofu malbikunarstöðvarinnar Höfða og notað steinefni og bindiefni frá þeim. Útbúnir voru malbikssívalningar með þjöppun með Marshall hamri í öll prófin nema hjólfaraprófið.


3.1.1 Steinefni, kornakúrfa

Valið var að útbúa SL11 malbik og að hafa steinefnakúrfuna innan þeirra marka sem lögð eru til í leiðbeiningum Vegagerðarinnar um efnisrannsóknir og efniskröfur (Vegagerðin 2015). Til þess að svo yrði voru settir saman þrír stærðarflokkar í ákveðnum hlutföllum við hönnun kúrfunnar. Tafla 1 sýnir helstu þætti varðandi hönnun kornakúrfunnar.

Tafla 1 Helstu þætti varðandi hönnun kornakúrfunnar

Steinefni, mm	Náma	Magn, %	Fínefni, %
Perla 8/11	Seljadalur	37	2,5
Salli 0/8	Seljadalur	47	13,3
Sandur 0/8	Björgun	16	1,0
Hönnuð blanda		100	7,3

Eins og sjá má á töflunni var stefnt á 7,3 % fínefni, sem væri þá við neðri mörk markalína fyrir SL11 malbik. Auk þess var ákveðið að stefna á 6,0 % bindiefniefnismagn í blöndunum. Þar með hefði hlutfallið fínefni/bindiefni verið 1,2, en í leiðbeiningum Vegagerðarinnar um efnisrannsóknir og efniskröfur (2015) er lagt til að þetta hlutfall sé á bilinu 1,15 til 1,5. Þegar kornakúrfa og bindiefnismagn raunverulegra malbiksblanda var könnuð kom í ljós að fínefnamagnið var talsvert hærra en stefnt var að, eða frá 9,2 upp í 9,6 % eða við efri mörk markalína, sjá mynd 5.



Mynd 5 Kornakúrfur malbiksblendanna, mældar á raunverulegum blöndum

Eins og myndin sýnir eru kornakúrfurnar nánast allar eins og eflaust innan skekkjumarka sigtunar. Að vísu getur munað allt að 5 einingum á hæsta og lægsta gildi á 4 mm og 8 mm sigti, en annars er mun minni munur. Það er því tæpast ástæða til að ætla að sú aðferð sem notuð var við skömmtun, blöndun og hrærslu malbiks hafi valdið mun á kornadreifingu sýna sem aftur hefði getað haft áhrif á niðurstöður prófana.

3.1.2 Bindiefni og íblöndunarefni

Stungudýpt þess biks sem notað var í verkefninu mældist PG 72, sem sagt við neðri mörk PG 70/100 biks sem ákveðið hafði verið að nota. Bindiefnisinnihald mældist heldur hærra en stefnt var að, eða frá 6,05 upp í 6,28 %, þó innan þess magns sem lagt er til í leiðbeiningum Vegagerðarinnar um efnisrannsóknir og efniskröfur. Hlutfall fínefnis og bindiefnis er um og yfir 1,5, sem er þá um og rétt yfir ráðlögðu hlutfalli. Holrýmd malbiksins mældist í lægri kantinum eða frá 0,2 upp í 1,0 %. Hæst mældist holrýmdin í malbiksblöndunni með SonneWarmix, eða 1,0 %, 0,9 % í blöndunni án íblöndunarefna, 0,6 % með LeadCap og 0,2 % með Sasobit.

Þess ber að geta að ákveðið hafði verið að nota þau hlutföll af íblöndunarefnum sem framleiðandi lagði til og því ekki notað sama magn. Þannig var ákveðið að nota 3 % (þunga biks) af Sasobit, 1,5 % af LeadCap og 1,0 % af SonneWarmix. Hugsanlegt er að mismiklir skammtar af íblöndunarefnum hafi áhrif á þjöppun með Marshallhamri og þar með holrýmd. Að minnsta kosti þjappast malbik með Sasobit lang mest og þar á eftir með LeadCap, en SonneWarmix þjappast svipað og blandan án viðloðunarefna og virðist þá 1 % af því efni ekki bæta þjöppun við þær aðstæður sem voru í þessu verkeni.


3.2 Hjólfarapróf

Hjólfaraprófið var gert á NMÍ á plötum sem þar voru þjappaðar í sérstakri þjöppu eins og lýst er í kafla 2 hér að framan. Niðurstaða prófsins er meðaltal gilda sem fást á tveimur plötum. Helstu niðurstöður eru settar fram í töflu 2, þ.e.a.s. heildarhjólfaramyndun í mm (e: Total Rut Depth, TRD) og hjólfaramyndun eftir hverjar 1000 umferðir á síðustu 5000 umferðunum. Einnig eru sýndar holrýmdarmælingar, annars vegar á Marshall sýnum og hins vegar á sýnum sem söguð eru úr plötum í hjólfarapróf. Eins og sjá má eru holrýmdargildin heldur hærri ef mælt er úr plötu og reyndar mun hærri í tilfalli LeadCap. Ekki er þó sýnilegt samband milli holrýmdar og hjólfaramyndunar í þessari rannsókn (Katrín Þuríður Pálsdóttir 2014), ekki frekar en sýnt var í áfangaskýrslu VI um malbiksrannsóknir 2013 (Pétur Pétursson 2014)

Tafla 2 Niðurstöður mælinga í hjólfaraprófi og holrýmdarmælingar


Malbiksblanda	TRD, mm	WTS, mm	Holrýmd Marshall, %	Holrýmd plötur, %
Án íblöndunarefna	5,4	0,16	0,9	1,0
Sasobit	4,5	0,11	0,2	0,4
SonneWarmix	5,8	0,16	1,0	1,3
LeadCap	4,6	0,12	0,6	1,2

Taflan sýnir að heildarhjólfaramyndun er í öllum tilfellum undir 6 mm, en það þarf ekki að koma á óvart, enda um hart grunnbik að ræða. Reyndar var önnur platan með malbiksblöndunni með SonneWarmix yfir 6 mm í heildarhjólför, þótt meðaltalið lægi undir 6 mm. Hvað sem öðru líður virðast bæði 3 % Sasobit og 1,5 % LeadCap hafa jákvæð áhrif á skriðmótstöðu malbiks, hvort heldur er litið til TRD eða WTS. SonneWarmix virðist engin áhrif hafa, nema jafnvel til hins verra, sjá mynd 6.



Mynd 6 Niðurstöður hjólfaraprófana á malbiki með og án íblöndunarefna

Það er áhugavert að skoða sambandið milli TRD og WTS eins og gert var í samantekt um malbiksraunir 2013, sjá mynd 7.



Mynd 7 Sambandið milli TRD og WTS

Eins og sjá má er sambandið sterkt, en auðvitað einungis fjórir punktar á bak við það. Áður hafði þetta samband fengið jöfnuna $y = 0,05x - 0,12$ fyrir allt íslenskt malbik sem prófað hafði verið þá, sem er nokkuð svipað þessu sambandi, en reyndar á mun víðara sviði.

Að lokum er ekki úr vegi að skoða gögn um norskar kröfur um skrið í nýútgefinni handbók N200 og skoða hvernig þessar malbiksblöndur myndu raðast inn í þær kröfur. Í leiðbeiningum Vegagerðarinnar um efnisraunir og efniskröfur er eftirfarandi umfjöllun:

Ekki hafa enn verið settir fram kröfuflokkar sem byggja á umferðarmagni fyrir hjólfarapróf. Í handbók N200 frá júní 2014 er tafla 603.2 á bls. 314 með kröfum um skrið í hjólfaraprófi. Í töflunni hér fyrir neðan eru norsku kröfurnar fyrir skrið í hjólfaraprófi sýndar til fróðleiks. Tekið skal fram að Norðmenn prófa við 50°C 20 cm kjarna (þvermál) sem teknir eru úr vegi, en héraendis eru prófuð sýni við 45°C sem þjöppuð eru á rannsóknarstofu. Bent skal á að mismunandi útfærsla prófsins milli landa virðist leiða til þess að íslensk gildi verði nokkuð hærri en norsku gildin, þótt ekki sé útilokað að munur á malbikinu hafi þar líka áhrif. Raunir á skriðeiginleikum íslensks malbiks benda til að hægt sé að framleiða malbik með heildarskrið 5-6 mm ef notað er hart bik og jafnvel enn minna ef auk þess eru notaðar fjölliður, allt niður í 3,5 til 5 mm. Lægsta gildi sem mælst hefur með íslensku aðferðinni á íslensku malbiki er 2,4 mm í heildarskrið, en það malbik var með 3 % Sasobit íblendi.

Norskar kröfur um skrið	Árdagsumferð, ÁDU				
	<1500	1500-3000	3000-5000	5000-10000	>10000
% skrið af lagþykkt	-	20	12	7	5
Umreiknað heildarskrið TRD, mm*	-	10	6	3,5	2,5

* Heildarskrið (Total Rut Depth) miðað við 50 mm þykkt malbikslag

Eins og fram kemur í ofangreindum texta leiðbeininganna uppfyllir íslenskt malbik almennt ekki ýtrustu kröfur Norðmanna, en hugsanlegt er að kerfisbundinn munur á útfærslu prófsins sé til staðar. Þar fyrir utan má benda á að allar fjórar malbiksblöndurnar koma í raun vel út í hjólfaraprófinu ef miðað er við fyrri prófanir á íslensku malbiki almennt. Megin ástæða þess er eflaust að bikið sem notað var er tiltölulega hart samkvæmt stungudýptarmælingu (PG 72), en slíkt bik hefur alltaf komið vel út í hjólfaraprófi, hafi það verið þjappað á rannsóknastofu. Því er full ástæða til að íhuga enn og aftur hvort ástæða sé til að nota hart bik í enn meira mæli en nú er gert.


3.3 Stífnipróf

Stífniprófin voru framkvæmd á VTI í Svíþjóð á sýnum sem útbúin voru með Marshall hamri hjá Malbikunarstöðinni Höfða. Niðurstöður eru settar fram í töflu 3.

Tafla 3 Niðurstöður stífni mælinga á malbiksblöndum við mismunandi hitastig

Hitastig, °C	Stífni MPa, malbiksblöndur			
	Án Íblöndunar	Sasobit	SonneWarmix	LeadCap
5	12.388	13.566	11.816	11.328
10	9.078	9.828	8.400	7.942
20	3.217	4.458	3.137	3.361

Taflan sýnir að stífni er á bilinu 11000 til 13500 MPa við 5°C, 8000 til 10000 við 10°C og 3000 til 4500 við 20°C. Mynd 8 sýnir stífni malbiksblanda við mismunandi hitastig, raðað eftir stífni við 5°C.



Mynd 8 Stífni malbiksblanda við mismunandi hitastig


Það er greinilegt að stífnin er mjög háð hitastigi eins og við var að búast, en einnig að íblöndunarefnin hafa mismikil áhrif á stífnieiginleikana. Þannig hefur malbiksblandan með Sasobit mesta stífni við öll mæld hitastig, næst kemur blandan án íblöndunarefna, en SonneWarmix og LeadCap blöndurnar eru ekki eins stífar. Þetta á við um mælingar við 5 og 10°C, en við 20°C er varla marktækur munur á stífni, nema að Sasobit blandan virðist enn vera áberandi stífari en hinar blöndurnar. Þess má geta að tengsl milli niðurstaðna stífniprófs og hjólfaraprófs er ekki sterk, þótt malbiksblandan án íblöndunarefna, með Sasobit og SonneWarmix raði sér nánast á beina línu. Ástæðan er sem sagt sú að LeadCap blandan sem er með minnsta stífni, kemur næst best út úr hjólfaraprófinu, en það er gert við 45°C. Því má velta fyrir sér hvort LeadCap malbiksblandan, sem mælist heldur stífari við 20°C en blandan með SonneWarmix og sú án íblöndunarefna, hafi betri stífnieiginleika með auknu hitasigi. Ekki er þó hægt að fullyrða um það, en skriðeiginleikar og stífni eru þættir sem ættu að vera háðir hvor öðrum á einhvern hátt.

Reiknuð hefur verið út að stífni dæmigerðs SL16 malbiks með PG 160/220 biki geti verið um 6500 MPa við 10°C (Sigurður Erlingsson 2012). Út frá því hafa stífnistuðlar við mismunandi hitastig verið reiknaðir, sjá töflu 4 (Birkir Hrafn Jóakimsson 2014).

Tafla 4 Dæmigerður stífnistuðull malbiks við mismunandi hitastig (BHJ 2014)

T	E_T
[°C]	[MPa]
5	8996
10	6500
15	4696
20	3393
25	2452

Það er áhugavert að bera þessi gildi saman við mæld gildi sem fengust í þessu verkefni. Mynd 9 sýnir þann samanburð.



Mynd 9 Samanburður á stífnistuðlum þessa verkefnis og því sem birt var í skýrslu BHJ 2014

Eins og sjá má eru gildin frá BHJ lægri en gildi þessarar rannsóknar við 5 og 10°C eins og vænta má þar sem stungudýptin er PG 180 (SE 2012) í fyrra tilfellinu en PG 72 í því seinna. Reyndar hefði líklega mátt reikna með meiri mun í stífnistuðli þar sem stungudýptarmunurinn er þetta mikill. Við 20°C er munur á stífnistuðli hverfandi, fyrir utan malbiksblönduna með Sasobit íblöndun, sem er stífast. Því virðast stífnistuðlar með og án íblöndunarefna í þessu verkefni vera fremur lágir við 20°C miðað við svipaða stífni með mun mýkra biki.

Í ungverskri rannsókn (Z Puchard & A Gorgenyi 2012) var hefðbundin malbiksblanda af SL11 með biki með stungudýpt PG 50/70 (ekki ósvipuð þeirri sem prófuð var í þessari rannsókn, þó með aðeins harðara biki) var stífnistuðullinn mældur. Þar kemur fram að stífnistuðull mælist yfir 7000 MPa við 20°C og yfir 10000 MPa við 15°C. Tekið er fram að um sé að ræða „high modulus asphalt“, en ungverskar stífnikröfur fyrir slíkt malbik eru > 7000 MPa við 20°C. Ekki verður farið nánar út í mat á stífni íslensks malbiks, en fróðlegt væri að gerðar yrðu frekari mælingar á stífni til að auka þekkingu á eiginleikum þess malbiks sem notað er hérlandis.


3.4 Prall slitpolspróf

Prall slitpolsprófin voru gerð hjá VTI í Svíþjóð á kjörnum sem útbúnir voru með Marshall hamri hjá Malbikunarstöðinni Höfða (KPP 2014). Niðurstöður, sem sagt meðaltal fjögurra hlutasýna, má sjá í töflu 5.

Tafla 5 Niðurstöður Prall slitpolsprófa

Malbiksblanda	Prall gildi, ml
Án íblöndunarefna	27
Sasobit	32
SonneWarmix	26
LeadCap	27

Slitpolsgildin liggja á bilinu 26 til 32 ml og ef litið er til munar á hlutasýnum (KPP 2014), verður að teljast líklegt að malbiksblandan með Sasobit skeri sig marktækt úr með hæsta slitpolsgildið og þar með mesta slitið. Mynd 10 sýnir niðurstöðurnar.



Mynd 10 Niðurstöður Prall slitpolsprófa á malbiksblöndunum fjórum

Í leiðbeiningum Vegagerðarinnar um efnisrannsóknir og efniskröfur (2015) eru settar fram eftirfarandi upplýsingar um norskar kröfur um slitpól malbiks, eftir umferðarmagni, mælt með Prall aðferðinni.

Í handbók N200 frá júní 2014 er tafla 603.4 á bls. 314 með kröfum um slit í Prall-prófi. Í töflunni hér fyrir neðan eru norsku kröfurnar fyrir slit í Prall prófi sýndar til fróðleiks. Hér á landi hafa íslenskar malbiksgerðir mælst með slit frá um 10 og upp í 28 ml. Malbik með 11 mm steinefni og þar að auki með steinefni með slitpól yfir A_N10 mælist með Prall gildi >20 ml, en malbik með 16 mm slitsterku steinefni mælist með Prall gildi á bilinu 10 til 20 ml. Norsku kröfurnar virðast því síst of strangar fyrir íslenskt malbik og er vægasta kröfugildið mun hærra en mælst hefur í íslensku malbiki.

Norskar kröfur um slitpól	Árdagsumferð, ÁDU				
	<1500	1500-3000	3000-5000	5000-10000	>10000
Prall gildi, ml	-	36	28	25	22

Ef norsku gildin væru í gildi hérlendis mætti nota blöndurnar án íblöndunarefnis, með SonneWarmix og með LeadCap fyrir umferð allt að 5000 ÁDU, en blönduna með Sasobit fyrir umferð allt að 3000 ÁDU.

Það vekur athygli að öll mæld gildi í þessari rannsókn eru í hærrí kantinum miðað við þau gildi sem áður hafa verið mæld héraendis, en einungis tvö gildi sem mæld hafa verið héraendis áður eru með slitþolsgildi yfir 25 ml. Þau sýni voru með steinefnum sem eru talsvert veikari en Seljadalsefnið sem notað var í þessari rannsókn, sem sagt Hólabrú og Björgun. Einnig ber að geta þess að langoftast hafa verið prófuð sýni með 16 mm steinefni (PP 2014), en í þessari rannsókn var 11 mm steinefni. Þær fáu mælingar með 11 mm steinefni sem fyrir lágu voru allar í hærrí kanntinum. Hvað sem því líður er sýnt fram á það hér að malbik með 11 mm steinefni er ekki eins slitsterkt og malbik með 16 mm steinefni, auk þess að Sasobit íblöndunarefni virðist hafa neikvæð áhrif á slitstyrk malbiks.


3.5 Vatnsnæmi - kleyfnitogþol

Vatnsnæmiþróf voru gerð á kjörnum sem útbúnir voru með Marshall hamri sérstaklega fyrir þetta próf, en þeir fá 35 högg á hvorn enda í stað 50 högga. Niðurstöður eru gefnar sem hlutfallslegur munur á kleyfnitogþoli (ITS í kPa) þurra kjarna og vatnsmeðhöndlaðra kjarna (ITSR), sjá töflu 6.

Tafla 6 Kleyfnitogþol malbiksblöndna og hlutfallslegur munur á þurrum og vatnsmeðhöndluðum


Malbiksblöndun	ITS _{þurrt}	ITS _{vatn}	ITSR, %
Án íblöndunarefna	1003	1004	100
Sasobit	1084	1017	94
SonneWarmix	647	749	116
LeadCap	784	818	104

Taflan sýnir að hlutfallslegur munur virðist varla vera marktækur, a.m.k. ætti vatnsmeðhöndlun sýna ekki að auka kleyfnitogþol þeirra, heldur þvert á móti. Hins vegar má ætla að kleyfnitogþol, hvort heldur þurrt eða vatnsmeðhöndlað sé mismunandi eftir malbiksblöndum, sjá mynd 11.



Mynd 11 Niðurstöður kleyfnitogþolsprófana, meðaltalsgildi


Ef skoðuð eru einstök gildi á bak við meðaltalið er augljóst að tölurverður munur getur verið á milli hlutasýna fyrir hverja malbiksgerð, sjá mynd 12.



Mynd 12 Niðurstöður kleyfnitogþolsmælinga á öllum hlutasýnum malbiksblendanna

Það sést á myndinni að þurr og vatnsmettuð gildi innan sömu malbiksblöndunnar geta verið ýmist hærri eða lægri á hvorn veginn sem er, nema í blöndunni með SonneWarmmix þar sem þurru gildin eru öll lægri en vatnsmettuðu gildin. Ekki er hægt að fullyrða að það sé tilviljun, en það er afar sérstakt að vatnsmeðhöndluð sýni hafi herra togþol en ómeðhöndluð sýni. Líklegt má telja að malbiksýnin hafi verið það þétt á heildina litið að vatnsmeðhöndlun hafi ekki náð að hafa teljandi áhrif á kleyfnitogþol.

Það er ekki úr vegi að líta á mæld gildi, óháð hlutfallinu ITSR, en sjá má á mynd 12 að blöndurnar án íblöndunarefna og með Sasobit mælast með styrk nálægt 1000 kPa, en blöndurnar með SonneWarmmix og LeadCap eru nálægt 700 til 800 kPa. Þar sem sýni í vatnsnæmiprófi og sýni í stífniþrófi fá álag á hliðina, þótt ólíkt sé, var prófað að skoða tengsl niðurstaðna með þessum tveimur prófum, sjá mynd 13.



Mynd 13 Tengsl niðurstaðna úr kleyfnitogþolsprófi og stífniþrófi

Myndin sýnir að ákveðin tengsl virðast vera fyrir hendi, þótt þau nái ekki að vera marktæk með 95 % líkum. Fylgnistuðullinn r er þó yfir 0,8 þegar stífniþrófið er við 5 og 10°C og um 0,7 við 20°C. Kleyfnitogþolið gefur því ákveðna hugmynd um hvort stífni er líkleg til að vera há eða lág, en kemur auðvitað á engan hátt í stað stífniþrófs. Hlutfall kleyfnitogþols ITSR í þessari rannsókn gaf hins vegar ekki niðurstöður sem hægt var að byggja á, en prófið er að mörgum talið gallað, sérstaklega gerð sýna eins og fram kemur hjá KPP (2014).

3.6 Samantekt

Þær prófanir og niðurstöður sem Katrín Þuríður Pálsdóttir aflaði og birti í meistararitgerð sinni (KPP 2014) hafa reynst koma að góðum notum sem innlegg í rannsóknir á íslensku malbiki, sem staðið hafa yfir undanfarin ár. Sýnt er fram á að Sasobit og LeadCap íblöndunarefni draga úr hjólfaramyndun vegna skriðs miðað við malbik án íblöndunar, jafnvel þótt notað hafi verið hart bik (PG 70/100) í verkefninu. SonneWarmix hefur hins vegar neikvæð áhrif ef eitthvað er. Að vísu var notað mismikið magn af íblöndunarefnum samkvæmt upplýsingum frá framleiðenda og getur það haft áhrif á niðurstöðurnar. Sasobit íblöndun virðist einnig hafa jákvæð áhrif á stífnieiginleika miðað við blöndu án viðloðunarefna við öll hitastig sem prófuð voru. Það á hins vegar ekki við um hin íblöndunarefni, þótt LeadCap rétti sig af við 20°C.

Ekki er að sjá að íblöndunarefni hafi áhrif á slitþol malbikssýnanna, nema Sasobit sem veldur að því er virðist meira sliti en hinar blöndurnar. Hugsanlegt er að aukin stífni Sasobit malbiksins valdi því að bikbindiefnið er stökkara en hinar gerðirnar við lágt hitastig (~6°C) og brotni því frekar og auki þar með slitið í prófinu. Varðandi vatnsnæmiþrófið má segja að sýnin hafi ekki hentað til að fá marktækan mun á hlutfallinu ITSR, þau hafi verið of lokuð til að vatn hefði teljandi áhrif á kleyfnitogþolið. Hins vegar virðist mismunandi þurr styrkur í kleyfnitogþoli endurspegla að einhverju leyti stífnieiginleika malbiksins.

4 KJARNATAKA ÚR VEGI OG HJÓLFARAPRÓF

4.1 Undirbúningur

Eins og fram kemur í áfangaskýrslu VI um Malbiksrannsóknir (PP 2014) höfðu hjólfarapróf á malbiki sem sagað var úr götu ávallt komið ver út en á sams konar malbiki sem útbúið var á rannsóknastofu. Munurinn gat verið mismikill, en var áberandi meiri í malbiki með mjúku biki (PG 160/220), en með hörðu biki (PG 70/100). Malbik með mjúku biki sem sagað var úr götu gat fengið 12 til 18 mm hjólfaradýpt í prófinu en sýni úr sams konar blöndum sem þjappað var á rannsóknastofu fékk 4 til 8 mm hjólfaradýpt. Holrýmdarmælingar á sýnum sem söguð eru úr mældum plöttum í hjólfaraprófi gáfu ekki til kynna að munur væri á holrýmd sýna úr götu og sýna sem þjöppuð voru á rannsóknarstofu. Því var mismunandi holrýmd sýna ekki til skýringar á því að sýni úr götu mældust með meiri hjólför en sambærileg sýni sem þjöppuð voru á rannsóknastofu.


Ekki var vitað hvað olli þeim mikla mun sem mælist í hjólfaraprófi á malbiki með mjúku biki, annars vegar úr vegi/götu og hins vegar þjappað á rannsóknastofu. Með öðrum orðum má segja að ekki var vitað hvort sýni tekin úr vegi eða sýni þjöppuð á rannsóknastofu endurspegluðu betur skriðeiginleika malbiks með mjúku biki (PG 160/220). Grunur lék á að sýnatakan sjálf og meðhöndlun þeirra þar á eftir gæti hugsanlega valdið veikleika gagnvart skriði án þess að hægt væri að sýna fram á það.

Á fundi verkefnishópsins í júní 2014 var samþykkt að í þessum áfanga verkefnisins yrði lögð áhersla á að ná betri og ódýrari sýnum úr götu í hjólfarapróf en áður hafði verið gert hérlendis, sem sagt malbikskjörnum sem eru 30 cm í þvermál. Slík sýnataka veldur minna raski en að saga plötur úr malbikinu og auk þess umfangsminni viðgerðum. Áhugavert þótti að bera saman niðurstöður hjólfaraprófa á plötum og kjörnum úr völdum götum, en einnig að prófa sýni úr nýju malbiki og var verkefnistjóra falið að standa að undirbúningi sýnatökunnar. Fyrst þurfti að finna verktaka sem gæti og vildi vinna að borun á malbiki og eftir talsverða eftirgrennslan tók Birgir Ingvason hjá Kurl ehf að sér að sjá um sýnatöku. Reykjavíkurborg ákvað að taka á sig kostnað við umferðarmerkingar og viðgerðir á malbiki í samstarfi við Malbikunarstöðina Höfða og auk þess að kosta vanan eftirlitsmann frá verkfræðistofunni Eflu, Bergþóru Kristinsdóttur.

Til að unnt væri að prófa kjarna sem eru 30 cm í þvermál í hjólfaratækinu þurfti að láta smíða mót eða ramma utan um kjarnana við prófun og var samið við LogoFlex ehf um smíðina á mótí úr akrílpласти (plexigleri). Óskað var eftir tilboði hjá Steinsmiðju S Helgasonar um snyrtingu kjarna, sem sagt sögun í 50 mm þykkt, en þeir höfðu í fyrri áföngum snyrt sagaðar plötur á sama hátt. Loks var óskað tilboðs hjá NMÍ um prófanir á snyrtum malbikskjörnum, en reiknað var út að verkefnið réði við að taka 10 kjarna og láta prófa þá í hjólfaraprófi, sem sagt af fimm köflum.

4.2 Sýnataka – borun

Mynd 14 sýnir uppstillingu við borun. Sjá má að annar kjarninn hefur verið tekinn og verið er að bora hinn kjarnann. Þungi bílsins er notaður til að fergja niður boröxulinn svo að ekki komi slag á borkrónuna




Mynd 14 Uppstilling við kjarnatöku úr malbiki.

Nokkuð auðveldlega tókst að ná kjörnum upp, en þeir voru nokkuð þungir, enda fylgdu eldri lög malbiks með og gat þykktin verið 15 cm. Stundum fylgdi kjarninn með í borkrónunni þegar borinn var hífður upp og þá voru engin vandamál að ná honum. Ef kjarninn kom ekki upp í krónunni var notast var við stór skrúfjárn og þess háttar til að mjaka sýnunum upp. Norðmenn hafa látið smíða sívalning sem hægt er að setja utan um kjarnan og herða svo að, sjá mynd 15 a) og b) (Lerfald 2007). Hugsanlega verða kjarnarnir fyrir minna hjaski á þann hátt sem Norðmenn gera.



Mynd 15 a) og b) Búnaður til að ná upp þungum malbikskjörnum

Eftir að hlutasýnin tvö höfðu verið tekin upp var fyllt í holurnar með viðgerðarmalbiki sem haldið var heitu á staðnum, sjá mynd 16.



Mynd 16 Heitu malbiki hellt í holurnar eftir borun

Eftir að malbik hafði verið sett í holurnar var þjappað yfir með jarðvegsþjöppu, sjá mynd 17.



Mynd 17 Malbik þjappað í kjarnaholurnar með jarðvegsþjöppu

Til greina kæmi að þjappa viðgerðarmalbikið á annan hátt til dæmis með vélknúnum hamri, eins og sýndur er í skýrslu Norðmanna (Lerfald 2007), sjá mynd 18.



Mynd 18 Holur fylltar með viðgerðarmalbiki og þjappað með hamri í nokkrum lögum

Ekki skal lagt mat á það hér hvor viðgerðaraðferðin hentar betur, en hins vegar er ljóst að sýnataka með kjarnabor veldur mun minna raski og minni viðgerð en sú aðferð að saga út plötur eins og gert hafði verið áður. Mynd 19 sýnir umfang viðgerða eftir sögun (til hægri) og kjarnatöku (til vinstri).



Mynd 19 Viðgerð á malbiki eftir sögun (til hægri) og kjarnatöku (til vinstri)

4.3 Hjólfaraprófanir – niðurstöður

Tekið var neðan af kjörnunum í steinsmiðju, þannig að þykkt hvers kjarna var 50 mm. Til að unnt væri að prófa kjarnana í hjólfaratækinu þurfti að smíða mót til að styðja við sýnið, skv. staðli, sjá mynd 20 af uppstillingu kjarna í hjólfaratækinu.




Mynd 20 Kjarni í akrilplastmóti í hjólfaratækinu

Niðurstöður hjólfaraprófana á kjarnasýnunum sem tekin voru sumarið 2014 á fimm stöðum má sjá í töflu 7.

Tafla 7 Niðurstöður hjólfaraprófa á tveimur hlutasýnum malbikskjarna

Malbiksgerð	TRD 1, mm	TRD 2, mm	WTS 1	WTS 2	Steinefni	Útlagnarár
SMA16-160/220-Búst.v. 2011	8,42	9,14	0,374	0,386	Snasi	2011
AC16-160/220-3% SBS-Búst.v. 2011	9,74	10,49	0,398	0,482	Snasi	2011
AC16-70/100-0,4% evoth-Suðurl.br. 2013	8,5	8,23	0,432	0,48	Seljadalur	2013
AC16-70/100-3% saso-Suðurl.br. 2013	5,86	5,85	0,208	0,26	Seljadalur	2013
AC16-70/100-3% SBS-Búst.v. 2014	6,34	7,15	0,222	0,292	Seljadalur	2014

Í töflunni stendur TRD fyrir heildarhjólfaramyndun (mm) og WTS stendur fyrir hjólfaramyndun síðustu 5000 umferðirnar í mm/1000 umferðir. Mynd 21 sýnir niðurstöðurnar á tveimur hlutasýnum sem prófuð voru af hverjum stað.



Mynd 21 Niðurstöður hjólfaraprófa á tveimur hlutasýnum frá hverjum stað

Eins og sjá má á myndinni er yfirleitt tiltölulega lítil munur á niðurstöðum prófana á tveimur hlutasýnum. Það kjarnapar sem kemur best út í hjólfaraprófinu er AC16 með biki PG 70/100 og 3 % Sasobit sem lagt var á Suðurlandsbraut sumarið 2013. Næstbest er sams konar malbik sem lagt var á Bústaðavegin 2014, en með 3 % SBS í stað Sasobit. Hinar gerðirnar þrjár eru á nokkuð svipuðu róli þegar prófaðir eru kjarnar sem teknir eru úr götu. Á fjórum af þessum malbiksgerðum höfðu áður verið prófuð sýni sem þjöppuð voru á rannsóknastofu annars vegar og söguð sýni úr malbikinu á sama stað og kjarnarnir voru teknir.

Eins og fram hafði komið í umfjöllun í áfangaskýrslu VI (PP 2014) um mun á skriðeiginleikum malbiks sem þjappað var á rannsóknastofu annars vegar og sagað úr götu hins vegar kom eftirfarandi fram:

- Malbikssýni sem þjappað er á rannsóknastofu kemur undantekningalaust betur út í hjólfaraprófi (minni hjólfaramyndun) en sambærilegt malbik sem tekið er úr götu.
- Malbikssýni úr götu með hörðu biki (PG 70/100) mælist með minni hjólfaramyndun en malbikssýni úr götu með mjúku biki (PG 160/220).
- Bæði SBS fjölliður og Sasobit vax virðast minnka skrið malbikssýna sem þjöppuð eru á rannsóknastofu umtalsvert.
- Malbikssýni með mjúku biki sem tekin eru úr götu hafa hingað til fegnið heildarhjólför yfir 12 mm, óháð því hvort um er að ræða SL (AC) eða SMA malbik, svo og hvort þau innihalda SBS eða Sasobit.

Í skýrslunni voru þó settir fram tveir þætti sem hugsanlega gætu skýrt þennan mismun, þótt engar beinar mælingar eða rannsóknir lægju þar að baki:

